



Ákvörðun um endurskoðun á starfsleyfi bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur tekið ákvörðun um endurskoðun á starfsleyfi bálstofu Kirkjugarða Reykjavíkur að Vesturhlíð 6. Um ástæður endurskoðunar er vísað í gr. 1.5 í starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir starfsemi bálstofunnar þ.e. mengun af völdum starfseminnar hefur reynst meiri en búast mátti við þegar leyfið var gefið út í júní 2021. Um endurskoðunina gilda ákvæði gr. 5 og 14 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Að lokinni endurskoðun verður tillaga að endurskoðuðum starfsleyfisskilyrðum auglýst á vefsvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í fjórar vikur. Á þeim tíma má hver sem vill senda Heilbrigðiseftirlitinu athugasemdir við tillöguna á netfangið heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur